

Mánudaginn 6. marz 1916.

Nr. 83/1915.

Fiskiveiðahlutafélagið »Bragi«

gegn

Jóni Einarssyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði hinn stefndi, Jón Einarsson sjómaður hér í bænum, fyrir sjórétti Reykjavíkur, gegn áfrýjanda, fiskiveiðahlutafélaginu Braga út af riftingu á ráðningarsamningi, og lauk því máli fyrir sjóréttinum 14. apríl f. á. þannig, að nefnt fiskiveiðahlutafélag var dæmt til að greiða stefnda 76 kr. 67 aura með 5^o/_o ársvöxtum frá 12. nóvember 1914 til greiðsludags, og málskostnað með 20 kr.

Þessum dómi hefir fiskiveiðahlutafélagið skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 3. desbr. f. á. og krefst það þess, að dóminum verði hrundið og breytt þannig, að það verði sýknað af kröfum stefnda og því dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Stefndi krefst þess hins vegar að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir yfirrétti, eftir mati réttarins.

Tildrög málsins eru þau, að stefndi, Jón Einarsson, var ráðinn háseti á botnvörpuskip áfrýjanda, »Baldur«, til fiskiveiða, og var lögskráður á skip þetta fyrir tímabilið frá 5. febr. til 1. okt. 1914 gegn 70 kr. mánaðarkaupi. Skipið stundaði þorsveiðar frá byrjun ráðningartímans og fram á sumar, en fór síðan norður fyrir land á sildarveiðar og rak

þær til mánaðamótanna ágúst—september. Þá hætti skipið veiðum þessum og hélt heimleiðis til Reykjavíkur. Eftir að skipið var hingað komið fór það ekki eins og venjulegt er á fiskiveiðar, heldur hætti veiðum um stund, og var stefndi, ásamt 7 öðrum af skipshöfninni, lögskráður úr skiprúmi 7. september 1914 og honum greitt kaup til þess dags. Með því stefndi áleit sig beittan órétti, höfðaði hann mál þetta fyrir undirrétti og gerði þar þá kröfu, að fiskiveidahlutafélagið yrði dæmt til að greiða honum kaup frá 7. sept. til 1. okt. kr. 53.67 og auk þess fæðispeninga fyrir sama tíma 23 kr. eða alls kr. eða alls kr. 76.67.

Af áfrýjanda hálfu er því haldið fram, að það sé föst venja, að úr því septembermánuður byrji sé afli sá, er fæst á botnvörpuskip, ekki lagður hér á land til verkunar, heldur sé afinn ætíð fluttur til Bretlands jafnóðum og nægilegur farmur sé fenginn, en í septembermánuði 1914 hafi siglingar til Bretlands verið svo hættulegar, sérstaklega vegna tundurdufla, að útgerðarmönnum hafi verið heimilt að telja hina miklu styrjöld, er byrjaði í ágúst s. á. hindrun á þeim siglingum, og hafi útgerðarmenn því haft heimild til þess, samkvæmt 96. gr. siglingalaganna 22. nóvbr. 1913, að rifta ráðningu skipshafnar, sem átti að stunda botnvörpuveiðar.

Af hálfu stefnda er því hinsvegar haldið fram, að áfrýjandi hafi því aðeins haft heimild til að rifta ráðningu skipshafnarinnar eftir 96. gr. siglingalaganna, ef skipið hefði átt það á hættu að verða hernumið sakir þjóðernis síns, farms eða fararstefnu, en ekk-

ert af þessu hafi hér getað komið til greina að því er »Baldur« snerti. Um hættu af tundurduflum hafi aðeins verið að ræða í sunnanverðum Norðursjónum, en þessi hættu hafi ekki hindrað skipið »Baldur« að halda áfram sildveiðum sama tíma og önnur botnvörpuskip héðan, nefnilega til loka septembermánaðar, og ekki hafi ófriðurinn eða tundurduflahættan hindrað siglingar hlutlausra þjóða til Bretlands, sérstaklega ekki til vesturstrandar þess, enda hafi það sýnt sig að margir enskir botnvörpungar hafi fiskað hér við land í september 1914, og að minsta kosti 2 íslensk botnvörpuskip hafi stöðugt haldið uppi ferðum til Bretlands.

Þótt lítið væri svo á, að fiskiveiðar með botnvörpuskipum geti því að eins átt sér stað hér við land í september, skaðlaust, að veiðin sé flutt til Bretlands til sölu jafnóðum, þá verður þó eigi álitíð að ófriðurinn eða tundurduflahættan umhverfis Bretland hafi getað talist hindrun samkvæmt 96. grein siglingalaganna fyrir slíkum veiðum hér við land í september 1914, með því það er vitanlegt að siglingum hefir stöðugt verið haldið uppi til og frá Bretlandi, bæði héðan og frá öðrum löndum, enda hafa í máli þessu eigi verið leidd rök að því, að siglingar hafi verið hættulegar héðan til vesturstrandar Bretlands.

Það verður því að fallast á niðurstöðu þá, er sjórétturinn hefir komist að og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda eftirstöðvar af launum hans til septemberloka og fæðispeninga frá 7. sept. til 1. okt., samtals kr. 76 67, og þar sem ákvæði undirdómsins

um málskostnað einnig samþykkjast, ber að staðfesta hann. Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 krónur.

Að því leyti er málið í héraði var sótt með gjafsókn, vottast, að málsmeðferðin þar var lögmaet.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandi, fiskiveiðahlutafélagið Bragi greiði stefnda, Jóni Einarssyni, í málskostnað fyrir yfirdóm 30 kr.

Dóminum skal fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. marz 1916.

Nr. 69/1915.

Sigurður Hjörleifsson
gegn
Árna Jóhannssyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði áfrýjandi Sigurður Hjörleifsson læknir, fyrirbæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnda, Árna Jóhannssyni bankaritari, til greiðslu á kr. 33.33, auk 5% ársvaxta, en sú upphæð er $\frac{8}{12}$ hlutar af 50 kr.